



Íslandsdeild Norðurlandaráðs
B.t. Norrænu velferðarnefndarinnar

Reykjavík 13. mars 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu flokkahóps hægrianna í Norðurlandaráði um aukið samstarf norrænna sendiráða um að aðstoða börn sem verða fyrir heiðurskúgun að komast heim.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla um tillögu flokkahóps hægrimanna í Norðurlandaráði um aukið samstarf norrænna sendiráða um að aðstoða börn sem verða fyrir heiðurskúgun að komast heim.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boðið um að senda umsögn um ofangreint mál.

Barnaheill styðja heilshugar við tillögu þessa og fagna því ef Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda að þær eigi frumkvæði að því að starfsfólk þeirra erlendis vinni saman og samræmi starfsemi sína til að geta með skjótum og skilvirkum hætti hjálpað börnum og ungmennum sem þvinguð hafa verið í hjónaband.

Barnaheill vinna að mannréttindum barna um allan heim og byggja allt sitt starf á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Nær öll ríki heims eru aðilar að Barnasáttmálanum og það er í fullu samræmi við hann að ríki taki sig saman um að aðstoða börn úr neyð eða úr ofbeldisaðstæðum.